



Selfossi 9.mars 2022

Fundargerð stjórnar

22. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn miðvikudaginn 9.mars 2022, kl. 8.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og í fjarfundi (Teams).

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður (á Teams), Gísli Halldór Halldórsson (á Teams), Ingibjörg Harðardóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir (á Teams), Arna Ír Gunnarsdóttir (á Teams), Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.00.

1. Útboð á dælubíl

Pétur sagði frá útboði á dælubíl sem er nýyfirstaðið. Einn aðili bauð í verkið sem var Eldvarnamiðstöðin, og er verðið 596.488 Evrur. Sjö slökkvilið tóku þátt í útboðinu sem framkvæmt unnið var af Ríkiskaupum í samstarfi við slökkviliðin. Áætlaður afhendingartími er 18 mánuðir frá undirskrift.

Stjórn felur slökkviliðsstjóra að taka tilboðinu og panta bílinn.

2. Önnur mál

- a. Endurskoðun: Ingibjörg spurði út í stöðu ársreiknings 2021. Vinna við uppgjör er hafin og hafa KPMG fengið öll gögn sem þau óska eftir, auk skoðanaaðgangs að bókhaldskerfi. Engin dagsetning hefur verið sett á verklok.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 8:18